



# Golfklúbburinn Kjölur

## Golfskáli



Útlit s-austur

Afstöðumynd



Útlit s-austur



Grunnmynd efri hæð



frá 18 braut

Golfklúbburinn Kjölur - nýr golfskáli við Blikastaðanes

Golfíþróttin er íþrótt sem sameinar leik og útiveru. Hluti leiksins er að skynja umhverfi sitt, aðstaður, landslag og velli. Staðsetning og fagurt umhverfi nýs golfskála Kjalar við Blikastaðanes hefur því markviss áhrif á mótun tilögunnar.

Forsendur og markmið  
Að nýta sérstaka staðhætti lóðarinnar, starfsemi og íþrótt golfklúbbsins til framdrátt.  
Að skapa gott og notalegt umhverfi gesta innan sem utan vallar.  
Að taka tillit til fjölbreyttra þarfa sem gestir golfskálans kalla eftir og tilheyrja íþróttinni og umhverfi hennar.  
Að lega og skipulag byggingar veiti gestum skálans sem besta viðveru og örvin í samskiptum og leik félagsmanna og gesta.  
Hagkvæmni til byggingar og kostnaðargát.

Afstæða og lega  
Byggingin er lögð frá s-austri til n-vesturs á milli klapparásanna og myndar með legu sinni eins konar brú frá aðkomu yfir að golvallar-svæðinu handan klapparásins. Við meginádkomu (s-austur) frá bílastæðum er afgreiðsla, móttaka gesta ásamt verslun fyrir ýmsan golfvarning. Þrír megin ásar eða brýr sem tengja starfsemi hússins eru frá aðkomu og aðlaðningangli. Glæsilegt útsýni blasir við út á Faxaflóa, til Reykjavíkur og að Esju. Við suð-vestur hlíð skálans er megin aðkoma gesta og leikmanna um "vesturbú" að sölum og golfvelli. Hér er rúmgóð innri gönguleið með fallegu útsýni og bekkjum sem tengast vernd og klapparásnum sem helst ósnortinn. Góð sjónlína er frá móttöku og verslun að fyrstu braut golvallar. Gott aðgengi er að þjónustukjarna með snyrtinum og dörum rýmum, sem jafnframt aðgreinir félagsaðstöðu frá skrifstofum og daglegri starfsaðstöðu starfsmanna golfklúbbsins. Miðasinn tengir skrifstofur og fundaraðstöðu saman, jafnframt því sem hann bínst anddyri, sölum og eldhúsi og skapar þannig gott aðgengi fyrir starfsfólk að starfsemi. Austurbú er ytri þjónustuleið fyrir starfsfólk og aðföng að eldhúsi og sorpi.  
Stígar  
Frá bílastæðum er aðkomustígur að meginningangi skálans þar sem er golvverslun og vallahráning fer fram. Í framhaldi er stígur að fyrsta teig. Frá niundu og átjándu flöt er stígur að golfskála þar sem komið er inn um "rofíð" á neðri hæð hússins. Stígar eru felldir að landi eftir aðstaðum.

Rofíð  
Rofíð er einskonar innri stígur eða gata sem tengir golfskálann við vallahsvæðið til austurs og vesturs. Það er opið um tvær hæðir og veitir því áhugaverð sjónræn tengsl milli hæða. Að rofinu liggur trappa og lyfta skálans en einnig brýr er tengja aðkomu gesta og starfsmannaaðstöðu við veitingasali. Rofíð iðar af lífi og þar fer veruleg umferð gesta golfskálans til og frá velli. Begga vega við rofíð er fyrirhuguð aðstaða til þrifa á kerrum og dörum golfbúnaði. Rofíð veitir gott aðgengi að búningaþstöðu og félagsaðstöðu neðri hæðar.

Efri hæð  
Á efri hæð má aðgreina megin tengsl á milli starfsmannaaðstöðu, eldhúss og veitingasala sem og gesta og veitingasala. Gestir golvallarins eiga greiða leið frá meginádkomu og aðlaðningangi að verslun og um "vesturbú" að veitingasal og setustofu.

Starfsaðstaða  
Aðstaða starfsmanna og þjónusta er staðsett við langhlíð n.-austurhluta skálans. Skrifstofur og verslun eru norðan við "rofíð" en eldhús vestan þess. Góð innri tengsl eru milli starfsmanna, að eldhúsi og geymslurúm um miðlægan gang (miðasinn) og neðri hæð um Rofíð. Ytra aðgengi með aðföng og fl. að eldhúsi er frá austurbú.

Salir-setustofa  
Sveigjanleiki er á notkun félagsrýmis (sala) þannig að útteiga sé aðgengileg. Handan rofsins opnast salirnir með vlti útsýni að Faxaflóa og Esju. Salirnir geta nýst sem ein heild eða sjálfstætt eftir þörfum. Setustofu má nýta óháð sölum eða í beinum tengslum við þá. Miðsvæðis í burðarkjarna má koma fyrir felliveggjum sem aðgreina (tvískipta) salina eða opna til sameiginlegra nota. Lítt skilrúm eru á milli sala í daglegum rekstri. Beint aðgengi er úr sölum að vernd. Hér geta gestir og félagsmenn notið veitinga og samveru í góðu útsýni.

Neðri hæð  
Þúttvöllur, félagsaðstaða/ klúbbherbergi ásamt búninga og baðaðstöðu er að finna á neðri hæð golfskálans. Þar eru einnig geymslurými fyrir goltæki og kerrur, ásamt þurrkaðstöðu og tæknirými hússins. "Rofíð" er þvert í gegnum hæðina og bindur saman félagsaðstöðu við þjónusturými, bað og búningaþstöðu. Þúttvöllur tengist beint félagsaðstöðu. Félagsaðstaða þjónar m.a. vetrarstarfi golfklúbbsins og er þar aðstaða til að njóta létttra veitinga. Hæðan eru góð tengsl og yfirsýn að vallahsvæði og þúttvelli.  
Tengsl eru við eldhús á efri hæð.